

Fréttabréf ÞFÍ 2. tölublað 15. ágúst 2014

Efni:

Þjóðræknisþing 2014 (forsíða)

Þjóðræknisþing ÞFÍ verður haldið sunnudaginn 24. ágúst nk. að Hótel Natura í Reykjavík og hefst kl. 14. Frá hádegi veitir Íslandsvinurinn Sunna Furstenau áhugasömum leiðsögn um notkun ættfræðivefsins Icelandic Roots. Þinginu er ætlað að efla tengsl Íslendinga við frændur okkar og vini afkomendur Íslendinga sem fluttu vestur um haf.

Dagskrá Þjóðræknisþingsins er fjölbreytt að vanda. Egill Helgason þáttastjórnandi sýnir myndbrot frá heimsókn sinni vorið 2013 á slóðir Íslendinga í Norður Ameríku. Þættir úr þeirri heimsókn verða á dagskrá RÚV í haust. Þórarinn Eldjárn rithöfundur fjallar um ræktarsemi Vestur-Íslendinga og tengsl sín við frændfólk í Kanada. Kristín M. Jóhannsdóttir fjallar um rannsóknir á vestur-íslensku sem hún hefur tekið þátt í og kynnir hljóðdæmi. Ungir íslenskir þátttakendur í Snorra West verkefninu segja í máli og myndum frá 4 vikna ferð á Íslendingaslóðir í sumar. Þá segir Fred E. Woods frá undirbúningi hátíðarhalds í Utah árið 2015 í tilefni 160 ára landnáms Íslendinga þar. Á milli atriða mun gítarsnillingurinn Björn Thoroddsen leika nokkur lög. Félagsmenn ÞFÍ eru hvattir til að mæta á þingið og taka með sér gesti. Aðgangur er öllum ókeypis.

Út um vötn og velli. (bls. 2)

Kristinn Stefánsson (1856-1916) fæddist að Egilsá í Skagafirði og fluttist 17 ára einn síns liðs vestur um haf. Þar giftist hann Guðrúnu Jónsdóttur frá Helluvaði í Mývatnssveit. Heimili fjölskyldu hans í Winnipeg í Kanada þótti eitt mesta menningarheimili meðal Íslendinga á þeim slóðum. Kristinn gaf út ljóðabækur og ritaði greinar og sögur í Tímarit Þjóðræknisfélagsins.

Ég nota heitið á ljóðasafni Kristins til að rifja upp eftirminnilegustu heimsókn mína í byggðir Íslendinga vestan hafs. Þá fórum við Atli Ásmundsson páv. aðalræðismaður, ásamt eiginkonum okkar Önnu Björk og Þrúði í ferð á ótroðnar slóðir norðan og vestan til í Manitoba og í austanverðu Saskatchewan. Það var mikil upplifun að hitta fólk af íslensku bergi brotið sem sumt hafði aldrei hitt fólk frá gamla landinu, Íslandi. Þau þyrsti í að spjalla við okkur og vildu frekar að við syngjum með þeim en hlusta á okkur Atla flytja lærðar ræður.

Á mínum 16 árum í starfi í Þjóðræknisfélaginu og Snorraverkefninu, hef ég heimsótt flestar landnámsbyggðir Íslendinga vestan hafs. Hélt í upphafi að heimsókn til Winnipeg og Gimli myndi nægja til að kynnast sögu landnemanna og afkomendum þeirra. Það breyttist snarlega þegar ég, í minni fyrstu heimsókn 1998, hitti mann á göngu á strönd Mikleyjar. Hann spurði hvort ég væri Íslendingur og þegar ég játti því, benti hann á sjálfan sig og sagði með stolti: „You are looking at one too“!

Snorraverkefnið opnaði mér nýja sýn. Á þeim 15 árum sem verkefnið hefur starfað hafa vel á þriðja hundrað ungmenni tekið þátt frá flestum fylkjum Kanada og víða að í Bandaríkjunum. Þannig hefur mikið áunnist og nú eru þátttakendur í Snorraverkefninu farnir að gera sig gildandi í starfi þjóðræknisdeilda vestan hafs.

Enn er langt í land að tengjast fólki á íslensk landnáms svæðum utan alfaraleiða, fólki sem þyrstir í tengsl og fróðleik um Ísland og Íslendinga. Ferðir á vegum Þjóðræknisfélagsins, Jónasar Þórs, Bændaferða og annarra hafa opnað Íslendingum sýn á víðfeðmi og margbreytileika landnáms sögunnar vestra og um leið vakið mikinn áhuga þar. Þetta hefur skilað sér í auknum áhuga fólks vestra á að heimsækja Ísland og markviss stefna Icelandair að fjölga áfangastöðum í Norður Ameríku hefur skilað miklum árangri.

Ég tel að líkja megi starfi Þjóðræknisfélaganna og útbreiðslu Lögbergs Heimskringlu við toppinn á ísjaka. Það er í besta falli einn tíundi hluti sem næst til eins og nú er. Draumur minn er að kafa dýpra og hefja markvisst starf að því að tengja hin afskekktu byggðarlög við þjóðræknisstarfið. Það er verkefni sem Þjóðræknisfélag Íslendinga í Vesturheimi og ÞFÍ ber skylda til að sinna.

Almar Grímsson

Mynd: Heimsókn til Johnson fjölskyldunnar við "Lonely lake"

Íslendingahátíðir í Mountain og Gimli (bls 2)

Íslendingahátíðin August the Deuce í Mountain í Norður Dakota fór fram í 115. sinn dagana 1.-3. ágúst sl. Þá var Íslendingadagurinn í Gimli haldinn hátíðlegur í 125. sinn 3.-4. ágúst. Heiðursgestir á báðum hátíðunum voru Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra og kona hans Elva Björk Guðmundsdóttir. Fulltrúar Þjóðræknisfélags Íslendinga bæði í Mountain og Gimli voru Halldór Árnason forseti ÞFI og kona hans Anna Björg Eyjólfsdóttir. Fjallkonan á hátíðarhöldunum í Gimli var að þessu sinni Hedy Björnson frá Gimli.

Snorraverkefnið 2014: Kynntust landi forfeðra sinna – og mæðra. (bls 3)

Fjórtán ungmenni frá Kanada og Bandaríkjunum tóku þátt í Snorraverkefninu í sumar. Eftir tveggja vikna náms- og menningardagskrá í samstarfi við Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, tóku ættingjar ungmennanna hér á landi svo við keflinu þar sem þau dvöldu í þrjár vikur. Í flestum tilfellum var um að ræða staði sem formæðurnar eða –feðurnir fóru frá á sínum tíma. Má þar nefna Akureyri, Sauðárkrók, Borgarfjörð eystri, Reyðarfjörð, Bolungarvík, Seyðisfjörð, Húnavatnssýslur og Borgarnes. Að þessum þrem vikum liðnum hélt hópurinn saman í vikulanga landkynningarferð sem að þessu sinni var um Vesturland og Vestfirði með viðkomu á Vesturfarasetrinu á Hofsósi.

Snorraverkefnið hefur verið starfrækt frá árinu 1999 og miðar að því að styrkja tengslin milli afkomenda Vestur-Íslendinga og Íslendinga í Norður Ameríku og á Íslandi. Hópurinn í ár var mjög fjölbreyttur. Þar var t.d. að finna næringarfræðing frá Norður-Dakóta og markaðsfræðing frá Edmonton. Hópurinn náði vel saman og fór m.a. saman í dagsferð um Suðurlandið, í keilu, smakkaði sviðasultu, kjötsúpu og slátur, fór í sund og flúðasiglingu. Allt styrkti þetta jákvæða upplifun þeirra á landinu. Kveðjuathöfn fyrir hópinn var í Bláa Lóninu að kvöldi 24.júlí. Hópurinn hélt aftur til síns heima daginn eftir.

Snorri Plus: Koma aftur heim (bls. 3)

Þann 20. ágúst nk. kemur ellefti Snorri Plus hópurinn til Íslands. Í ár eru 18 þátttakendur sem koma víða að, m.a. frá Winnipeg, Vancouver, Norður-Dakóta og Victoria. Markmið verkefnisins er að gefa eldri afkomendum Vestur-Íslendinga tækifæri á að snúa aftur til landsins sem forfeður þeirra og mæður yfirgáfu í leit að betra lífi.

Hópurinn dvelur eina viku í Reykjavík og sækir ýmsa fróðlega fyrirlestra sem fara fram í Hannesarholti. Einnig heimsækja þátttakendur íslenska vinnustaði sem tengjast störfum sem þau hafa sinnt heima fyrir. Farið verður í skoðunarferðir, s.s. í Viðey og að Gullfoss og Geysi. Þá tekur hópurinn þátt í Þjóðræknisþinginu, dagskrá Menningarnætur og hleypur Reykjarvíkurmaræðun.

Seinni vikuna fer hópurinn í ferð um Norðurland, heimsækir Vesturfarasetrið á Hofsósi og þá staði sem forfeður þeirra fóru frá á sínum tíma og nýtur íslenskrar náttúru. Kveðjuathöfn fyrir hópinn verður í Bláa Lóninu að kvöldi 1. september. Þátttakendur halda til síns heima daginn eftir.

Snorra West verkefnið (bls.3)

Fjögur íslensk ungmenni flugu til Washington DC um miðjan júní til að taka þátt í fjögurra vikna Snorra verkefni. Að lokinni nokkra daga dvöl þar var flogið til Toronto og þaðan farið á slóðir íslensku landnemanna í Kinmount og Hekkla. Þjóðhátíðardag Kanada héldu þau hátíðlegan í höfuðborginni Ottawa en því næst var flogið til L'Anse aux Meadows þar sem er að finna merkar minjar um búsetu norrænna manna í kringum árið 1000. Að lokum var dvalið í nokkra daga í Halifax og m.a. ferðast til Marklands, á heiðum Nova Scotica, þar sem að nokkrir tugir íslenskra landnema settust að árið 1874. Þátttakendum í verkefninu gefst einstakt tækifæri til að setja sig inn í aðstæður íslensku landnemanna og kynnast afkomendum þeirra. Á þann hátt bindast þeir þessu gestrisna fólki ævarandi vináttuböndum. Auglýst verður eftir þátttakendum í Snorra West 2015 upp úr næstu áramótum.

Bændaferðir á slóðir Hýbýli vindanna 17.-27. september (baksíða)

Bændaferðir bjóða upp á ferð til Kanada þar sem þrjár stórborgir verða sóttar heim, ekið um blómlegar sveitir, farið í siglingu á St. Lawrence ánni og hinir frægu Niagarafossar skoðaðir. Á leiðinni til höfuðborgar Kanada, Ottawa, verður farið um nokkra kanadíska bæi og þorp þar sem ferðalangar kynnast því hvernig landnemarnir lifðu á þessu svæði. Skuldlausir félagsmenn ÞFÍ fá 10 þús.kr. afslátt af fargjaldi. Nánari upplýsingar má finna á slóðinni:

<http://www.baendaferdir.is/baendaferdir/haust/haust-1-niagarafossarnir-i-kanada>



Toronto Sinfóníuhljómsveitin (baksíða)

Tónlistarhöllin Harpa býður **félagsmönnum ÞFÍ 20% afslátt** af tónleikum Toronto Symphony Orchestra að kvöldi 24. ágúst nk. Hljómsveitin er ein fremsta sinfóníuhljómsveit heims og hefur ferðast um heim allan. Aðalhljómsveitarstjóri hennar, Peter Oundjian, heldur um tónsprotann á tónleikum hennar í Hörpu. Með í för er kanadíski fiðluleikarinn James Ehnes, sem leikur hinn sívinsæla fiðlukonsert Tchaikovsky. Hér er því á ferð rjóminn af kanadískri menningu og viðburður af hæsta gæðaflokki. Félagsmenn sem nýta vilja sér þetta tilboð geta keypt miða á netinu og fengið afsláttinn þar með því að setja inn kóða sem er: *kanada*

Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu Hörpu: <http://www.harpa.is/>

Lögberg Heimskringla- áskrift (baksíða)

Sex mánaða rafræn áskrift sem Lögberg-Heimskringla bauð félagsmönnum Þjóðræknisfélagsins líkur um næstu mánaðarmót. Að því loknu fá félagsmenn senda í tölvupósti tilkynningu þar sem þeim býðst áframhaldandi rafræn áskrift fyrir aðeins 20 CAD á ári. Auðveldast er fyrir þá félagsmenn sem vilja framlengja áskriftina að svara með því að senda greiðslukortaupplýsingar til Lögbergs-Heimskringlu.

Útgáfa Lögberg-Heimskringlu hefur gríðarlega mikla þýðingu fyrir íslenska samfélagið í Norður-Ameríku og tenginu þess við Ísland og Íslendinga. Blaðið ber fréttir um markverð tíðindi milli alls þess fólks af íslenskum ættum sem láta sig varða íslenska menningararfinn og góð samskipti við ættingja og vini á Íslandi. Áskrift félagsmanna ÞFÍ að Lögbergi-Heimskringlu hefur því mikið gildi.